

Föstudaginn 27. júní 1980.

Nr. 58/1978. **Sigurbjörn Sigmarsson**
(Árni Grétar Finnsson hrl.)

gegn

Svanhildi Sigfúsdóttur

Eddu Ólafsdóttur

Sigríði Ólafsdóttur

Jóni Ólafssyni

Sigfúsi Ólafssyni

Ragnari Eiríkssyni

(Tómas Gunnarsson hdl.)

og Sigurlaugu Ólafsdóttur

(Jón Hjaltason hrl.)

og

Sigurlaug Ólafsdóttir

gegn

Sigurbirni Sigmarssyni

Svanhildi Sigfúsdóttur

Eddu Ólafsdóttur

Sigríði Ólafsdóttur

Jóni Ólafssyni

Sigfúsi Ólafssyni

og Ragnari Eiríkssyni

og

Svanhildur Sigfúsdóttir

Edda Ólafsdóttir

Sigríður Ólafsdóttir

Jón Ólafsson

Sigfús Ólafsson og

Ragnar Eiríksson

gegn

Sigurbirni Sigmarssyni.

Ábúðarréttur. Sýknað af skaðabótakröfu. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-

son, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Halldór Þ. Jónsson, fulltrúi sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, og meðdómsmennirnir Egill Bjarnason framkvæmdastjóri og Haraldur Árnason skólastjóri hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. mars 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m. Dómkröfur hans eru þessar:

„1. Að ábúðarréttur aðaláfrýjanda að jörðinni Gröf í Hofshreppi, Skagafjarðarsýslu, verði viðurkennður og gagnáfrýjendur verði skyldaðir með dómi til að láta aðaláfrýjanda fá jörðina til ábúðar frá uppkvaðningu hæstaréttardómsins gegn greiðslu á kr. 40.000 á ári í eftirgjald fyrir jörðina, sem greiðist ársfjórðungslega, kr. 10.000 í hvert sinn, eða gegn nýju eftirgjaldi og leigumála, sem ákveðinn yrði eftir ákvæðum 36. gr. laga nr. 36/1961 eða nú 7. gr., sbr. 44. gr. nýju ábúðarlaganna nr. 64/1976, ef gagnáfrýjendur krefjast þess.

2. Að gagnáfrýjendur verði dæmdir til þess að greiða aðaláfrýjanda in solidum kr. 2.413.000.- í skaðabætur með 13% ársvöxtum frá 19. júní 1975 til 15. júní 1979, en dómvöxtum, sbr. lög nr. 56/1979, frá þeim degi til greiðsludags. Krafa samkvæmt þessum lið er ekki gerð á hendur gagnáfrýjandanum Ragnari Eiríkssyni.

3. Gagnáfrýjendur verði in solidum dæmdir til að greiða aðaláfrýjanda hæfilegan málskostnað að mati réttarins í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál“.

Með bréfi dómsmálaráðherra 2. mars 1978 var aðaláfrýjanda veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti.

Með gagnáfrýjunarstefnu 17. apríl 1978 skaut Sigurlaug Ólafsdóttir máli þessu til Hæstaréttar og stefndi öðrum aðiljum þess. Hún krefst sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með gagnáfrýjunarstefnu 9. maí 1978 skutu aðrir varnaradiljar í aðalsök málinu til Hæstaréttar. Þau krefjast aðallega sýknu af kröfum aðaláfrýjanda í málinu. Til vara er krafist

staðfestingar á dómi héraðsdóms að því er varðar 1. og 2. mgr. dómsorðs hins áfrýjaða dóms og lækkunar á fégreiðslum samkvæmt 3. mgr. Til þrautavara er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Jafnframt er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarmarmál. Þessir áfrýjendur gera ekki kröfur á hendur gagnáfrýjandanum Sigurlaugu. Með bréfi dómsmálaráðherra 11. janúar 1979 var Svanhildi Sigfúsdóttur veitt gjafvörn fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Við munnlegan flutning málsins notuðu aðaláfrýjandi og gagnáfrýjandinn Sigfús Ólafsson sér heimild 49. gr. laga nr. 75/1973 til að koma að stuttum athugasemdum, og viku þeir báðir að ýmsum atvikum málsins. Sigfús skýrði m. a. svo frá, að dánarbú föður hans hefði verið skrifað upp. Að öðru leyti liggur það eitt fyrir um búskiptin, sem fram kom í héraði, að þeim lauk með einkaskiptum 22. febrúar 1971.

Aðaláfrýjandi fluttist að Gröf og hóf þar búskap 1. október 1966. Hinn 19. desember 1966 heimilaði gagnáfrýjandi Svanhildur Sigfúsdóttir aðaláfrýjanda full afnot jarðarinnar frá 1. október 1966 til 1. júní 1968, eins og í héraðsdómi greinir. Aðaláfrýjandi hélt síðan áfram búskap á jörðinni sem ábúandi og greiddi landskuld eftir hana, þar til hann fluttist þaðan árið 1975. Ekki var gefið út neitt byggingarbréf til aðaláfrýjanda, eftir að samningurinn frá 19. desember 1966 rann út. Að þessu athuguðu verður að líta svo á, að aðaláfrýjandi hafi öðlast lífstíðarábúð á jörðinni, sbr. 9. gr. laga nr. 36/1961, er þá giltu, þó að landsdrottinn hafi vanrækt að gefa út byggingarbréf fyrir jörðinni, sbr. 5. og 7. gr. laganna. Skiptir þá ekki máli, hvort gagnáfrýjandinn Svanhildur hafði heimild til að byggja jörðina, áður en dánarbúi eiginmanns hennar, Ólafs Jónssonar, var skipt 1971.

Með bréfi 4. nóvember 1974 sagði gagnáfrýjandi Svanhildur aðaláfrýjanda upp ábúð á Gröf frá fardögum 1975 að telja. Engar ástæður voru tilgreindar í uppsögn þessari. Aðaláfrýjandi ritaði henni bréf 1. desember 1974 og óskaði eftir að fá jörðina keypta. Engin mótmæli gegn uppsögninni eru í bréfi

þessu né ósk um áframhaldandi ábúð. Gagnáfrýjandinn Svanhildur svaraði aðaláfrýjanda með bréfi 28. s. m. og tjáði honum, að hann fengi jörðina ekki keypta. Jafnframt ítrekaði hún úthygginguna. Aðaláfrýjandi kveðst í mars 1975 hafa farið þess á leit við Svanhildi og annan eiganda jarðarinnar að fá áframhaldandi ábúð á jörðinni, þó ekki væri nema til haustsins, en það hafi verið árangurslaust. Þau hafi látið í það skína, að þau ætluðu sjálf að nota jörðina. Aðaláfrýjandi fluttist síðan af jörðinni nokkru eftir fardaga vorið 1975, eða 19. júní, en fékk leyfi til að hafa búfé sitt á jörðinni til haustsins.

Í bréfinu 4. október 1974 var þess ekki getið, að jarðeigendur ætluðu að taka jörðina til eigin nota, enda var úthyggingarfrestur of skammur, ef sú hefði verið úthyggingarástæðan, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 36/1961. Ekki var tilgreint, að aðaláfrýjandi hefði vanefnt neinar skyldur sínar sem leiguliði, en í úthyggingu skal taka skýrt fram, hverjar sakir leiguliða séu, sbr. 30. gr., sömu laga, ef úthygging er á því byggð. Aðaláfrýjanda mátti ljóst vera, að honum væri ekki skylt að flytjast af jörðinni í fardögum 1975. Hann fluttist ekki af jörðinni fyrr en 19. júní, eins og fyrr segir, en þá var ekki hafinn búskapur né sýnilegur undirbúningur að búskap á jörðinni með venjulegum hætti. Samt sem áður fluttist aðaláfrýjandi sjálfviljugur brott án mótmæla eða athugasemda. Þegar þetta er virt og atvik málsins að öðru leyti, þykir hann ekki eiga rétt til að krefjast þess að fá jörðina aftur til ábúðar.

Þar sem aðaláfrýjandi hlitti úthyggingu af jörðinni, þótt á henni væru þeir annmarkar, sem áður greinir, verður ekki talið, að hann geti kafið jarðeigendur um bætur fyrir tjón, er hann kann að hafa orðið fyrir vegna búferlaflutningsins.

Samkvæmt því, sem að framan segir, ber að sýkna gagnáfrýjendur af öllum kröfum aðaláfrýjanda í máli þessu, en rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda fyrir Hæsta-

rétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, 450.000 krónur.

Allur gjafvarnarkostnaður gagnáfrýjandans Svanhildar Sigfúsdóttur greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar, 300.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Gagnáfrýjendurnir Svanhildur Sigfúsdóttir, Edda Ólafsdóttir, Sigriður Ólafsdóttir, Jón Ólafsson, Sigfús Ólafsson, Ragnar Eiríksson og Sigurlaug Ólafsdóttir eiga að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Sigurbjarnar Sigmarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður. Gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 450.000 krónur.

Gjafvarnarkostnaður gagnáfrýjandans Svanhildar Sigfúsdóttur greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar, Tómasar Gunnarssonar héraðsdómslögmanns, 300.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Um löskipti, sem fjallað er um í máli þessu, ber að beita ábúðarlögum nr. 36/1961.

Ég er sammála héraðsdómi og meiri hluta Hæstaréttar um, að aðaláfrýjandi hafi öðlast æviábúð á jörðinni Gröf og ábúðinni hafi ekki verið löglega sagt upp, áður en aðaláfrýjandi fluttist af jörðinni í júní 1975.

Í 4. mgr. 9. gr. laga nr. 36/1961 segir:

„Nú segir landsdrottinn upp ábúð, en aðeins af yfirskins-

ástæðum, þannig að hann hvorki flytur sjálfur á jörðina né afhendir hana öðrum til ábúðar samkvæmt þessari grein, og er þá sú uppsögn ógild, og á leiguliði heimtingu á að fá jörðina aftur, ef hann krefst þess innan árs, frá því að hann flutti af jörðinni. Auk þess bæti landsdrottinn honum allan þann skaða, er hann kann að hafa beðið af þessum sökum“.

Að sönnu verður ekki séð, að ástæður hafi verið tilgreindar, þegar aðaláfrýjanda var sagt upp ábúð á Gröf. Síðar hafa af hálfu gagnáfrýjanda komið fram tvenns konar skýringar á því, en þær skipta engu í þessu sambandi. Það fær ekki staðist, að aðaláfrýjandi missi rétt til að fá ábúð að nýju fyrir þá sök eina, að gagnáfrýjendur greindu ekki uppsagnarástæður. Hann hafði æviábúð, og skylt var að tilgreina ástæður, sem gildar væru eftir ábúðarlögum. Gátu gagnáfrýjendur ekki aukið rétt sinn með því að nefna engar ástæður. Verður því að telja, að réttarstaða aðaláfrýjanda sé hin sama nú eins og verið hefði, ef yfirskinsástæður hefðu verið tilgreindar.

Af hálfu aðaláfrýjanda kom fram veturinn 1974—1975, að hann hafði hug á að halda áfram búskap á Gröf. Þegar hann fór af jörðinni, hafði enginn samningur að mínu áliti verið gerður um, að hann rýmdi jörðina. Með bréfi frá lögmanni aðaláfrýjanda 11. nóvember 1975 var þess krafist, að hann fengi jörðina á ný til ábúðar. Það bréf var sent gagnáfrýjandanum Svanhildi Sigfúsdóttur, sem ein hafði undirritað bréfið um uppsögn ábúðarinnar. Var þetta nægilegt til að binda alla eigendur jarðarinnar. Í 9. gr. ábúðarlaga eða öðrum greinum þeirra laga er hvergi að finna það skilyrði, að ábúandi skuli hafa uppi fyrirvara eða mótmæli við brottför eða á öðrum tíma, áður en sá árs frestur er liðinn, sem tilgreindur er í 4. mgr. 9. gr. Sú staðreynd, að þessi frestur er berum orðum settur og annar frestur ekki, leiðir til þess að mínu áliti, að skýra ber ákvæðið svo, að aðaláfrýjandi eigi rétt til að fá jörðina Gröf til ábúðar að nýju.

Kröfugerð aðaláfrýjanda verður að telja fullnægjandi að því er varðar jarðarafgjaldið, en ekki eru efni til að dæma, að það verði ákveðið valkvætt. Tel ég, að taka ætti til greina þá kröfu, að gjaldið verði 40.000 krónur á ári og greiðist eins og

segir í kröfugerðinni, en fjárhæðin er miðuð við útgáfudag héraðsstefnu, og fer um breytingar á henni að lögum. Sérstök mótmæli um fjárhæð jarðarafgjaldsins hafa ekki komið fram.

Sem fyrr segir, fluttist aðaláfrýjandi frá Gröf í júní 1971, og þar er nú samkvæmt málflutningi rekinn búskapur. Þykir því eftir 1. mgr. 57. gr. laga nr. 75/1973 eiga að ákveða, að gagnáfrýjendur hafi frest til fardaga 1981 til að fá aðaláfrýjanda jörðina aftur til ábúðar.

Gagnáfrýjandinn Sigurlaug Ólafsdóttir seldi gagnáfrýjandanum Ragnari Eiríkssyni 1/15 hluta Grafar 18. mars 1976. Sigurlaugu verður því dæmd sýkna af kröfu aðaláfrýjanda um ábúð að nýju, enda hefur Ragnari verið stefnt til að þola dóm.

Með skírskotun til þess, sem segir í forsendum hins áfrýj-
aða dóms, tel ég, að hann beri að staðfesta að því er varðar bótakröfur í 2. lið kröfugerðar aðaláfrýjanda.

Eins og á stendur, tel ég rétt að setja fram, hvernig ég tel, að dómsatkvæði Hæstaréttar í máli þessu ætti að vera. Læt ég nægja að vísa til þess um málskostnað.

Viðurkennt er, að gagnáfrýjendunum Svanhildi Sigfúsdóttur, Eddu Ólafsdóttur, Sigríði Ólafsdóttur, Jóni Ólafssyni, Sigfúsi Ólafssyni og Ragnari Eiríkssyni er skylt að veita aðaláfrýjanda, Sigurbirni Sigmarssyni, ábúð á jörðinni Gröf í Hofshreppi í Skagafjarðarsýslu í fardögum vorið 1981 gegn greiðslu á 40.000 krónum í jarðarafgjald á ári, sem greiðist ársfjórðungslega. Þessir gagnáfrýjendur aðrir en Ragnar Eiríksson skulu greiða aðaláfrýjanda 300.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 5. mars 1976 til 15. júní 1979, 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980 og 46% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Gagnáfrýjendurnir Svanhildur, Edda, Sigríður, Jón, Sigfús og Ragnar greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti,

700.000 krónur samtals, þar af 450.000 krónur til ríkissjóðs, en 250.000 krónur til aðaláfrýjanda.

Gagnáfrýjandinn Sigurlaug Ólafsdóttir skal vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda í máli þessu. Málskostnaður fellur niður í héraði að því er hana varðar. Aðaláfrýjandi greiði henni 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Um gjafsóknarkostnað og gjafvarnarkostnað er ég sam-mála meiri hluta Hæstaréttar.

Dómur aukadómþings Skagafjarðarsýslu 11. ágúst 1977.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. f. m., er höfðað hér fyrir dóm-inum af Sigurbirni Sigmarssyni, Suðurgötu 31, Hafnarfirði, með stefnu, útgefinni 5. mars 1976, gegn Svanhildi Sigfúsdóttur, Eddu Ólafsdóttur og Sigríði Ólafsdóttur, öllum til heimilis að Hlíðar-vegi 30, Kópavogi, Jóni Ólafssyni, Ránargötu 30 A, Reykjavík, og Sigfúsi Ólafssyni, Hvanneyri, Borgarfjarðarsýslu, með stefnu, út-gefinni 22. september 1976, gegn Ragnari Eiríkssyni, Gröf, Hofshreppi, Skagafjarðarsýslu, og með stefnu, útgefinni 3. nóvember 1976, gegn Sigurlaugu Ólafsdóttur, Vestmannabraut 9. Vestmanna-eyjum, og voru málin á hendur hinum tveim síðasttöldu sameinuð aðalmálinu.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að: 1. Stefndu verði dæmd til að láta stefnanda í té frá uppkvaðningu héraðsdóms ábúðarrétt á jörðinni Gröf í Hofshreppi í Skagafjarðarsýslu gegn greiðslu á kr. 40.000 á ári í eftirgjald fyrir jörðina, sem greiðist ársfjórðungs-lega fyrir lok hvers ársfjórðungs, kr. 10.000 í hvert sinn, eða gegn nýju eftirgjaldi og leigumála, sem ákveðinn yrði eftir ákvæðum 36. gr. laga nr. 36/1961 eða nú 7. gr., sbr. 44. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976, ef stefndu krefjast þess. 2. Stefndu verði dæmd in solidum til að greiða stefnanda kr. 2.413.000 í skaðabætur með 13% ársvöxtum frá 19. júní 1975 til greiðsludags. Krafa samkvæmt þessum lið er ekki gerð á hendur stefnda Ragnari Eiríkssyni. 3. Stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnanda hæfilegan málskostnað að mati réttarins.

Stefndu hafa öll krafist algerrar sýknu af öllum kröfum stefn-anda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans.

Til vara hafa stefndu, aðrir en Sigurlaug Ólafsdóttir og Ragnar Eiríksson, krafist þess, að bótakrafa verði lækkuð mjög verulega og vextir aðeins dæmdir frá stefnudegi.

Rétt þykir í upphafi að gera nokkra grein fyrir meðferð málsins fyrir dómi, þar sem lögmaður stefndu, annarra en Sigurlaugar Ólafsdóttur, lagði í síðasta þinghaldi fram bókun varðandi formhlið málsins, sem hann fjallaði nánar um í málflutningi.

Lögmaðurinn vakti athygli á, að formaður dómsins hefði ritað sem vitundarvottur á eitt framlagt dómskjal í málinu, samning, dagsettan 19. desember 1966, og kynni að eiga að víkja sæti af þeim sökum, en gerði þó enga kröfu þar um.

Dómurinn telur, að formaður dómsins hafi engin þau afskipti haft af máli þessu, að vanhæfi valdi, og standi því engin efni til, að hann víki sæti ex officio.

Þá telur lögmaðurinn, að málið sé ekki nægilega reifað af stefnanda og sumar kröfur ekki studdar nægilegum gögnum, þannig að frávísun kæmi til greina af þeim sökum.

Dómurinn telur, að það, sem á kynni að vanta um rökstuðning fyrir kröfum stefnanda, væri honum í óhag og skerti í engu rétt stefndu og reifun málsins ekki það gölluð, að frávísun varði án kröfu.

Þá telur lögmaðurinn, að þar sem mál á hendur stefndu Ragnari Eiríkssyni og Sigurlaugu Ólafsdóttur til samaðildar hafi ekki verið þingfest í þinghá fasteignar, kunni að eiga að vísa málinu frá dómi ex officio.

Mál þetta var upphaflega þingfest í þinghá fasteignar, en síðari þinghöld fóru með samþykki allra aðilja fram á Sauðárkróki. Í upphaflegri stefnu var Sigurlaugu Ólafsdóttur einnig stefnt og sú stefna árituð af lögmanni Svanhildar Sigfúsdóttur og barna hennar án athugasemda. Hvorugum lögmanninum mun hafa verið kunnugt um það fyrr en síðar, að Sigurlaug var ekki dóttir Svanhildar, þannig að nauðsynlegt taldist að stefna henni síðar inn í málið og einnig Ragnari Eiríkssyni, sem keypt hafði hlut hennar í jörðinni.

Samkomulag varð um þingfestingu þessara mála og sameiningu þeirra og aðalmálsins í þinghaldi í því máli á Sauðárkróki.

Með tilvísun til 81. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 er heimilt með samkomulagi aðilja að taka mál varðandi fasteign fyrir utan þinghá fasteignar, og er sá skilningur staðfestur í athugasemdum, sem fylgdu frumvarpi til einkamálalaga, og í riti Einars Arnórssonar um meðferð einkamála í héraði.

Málavextir í máli þessu eru þeir, að í júnímánuði 1966 andaðist Ólafur Jónsson, bóndi í Gröf í Hofshreppi, en hann og kona hans,

stefnda Svanhildur Sigfúsdóttir, voru eigendur og ábúendur þeirrar jarðar.

Erfingjar Ólafs heitins Jónssonar voru auk konu hans börn þeirra, stefndu Edda, Sigríður, Jón og Sigfús, og auk þeirra dóttir Ólafs, stefnda Sigurlaug.

Haustið 1966 brá stefnda Svanhildur Sigfúsdóttir búi og seldi búpening sinn, m. a. til stefnanda, sem var bóndi á Stekkjarbóli, sem er nýbýli í sama hreppi og Gröf.

Stefnandi og stefnda Svanhildur gerðu með sér samning, sem dagsettur er 19. desember 1966, þar sem stefnda heimilar stefnanda „full afnot jarðarinnar Gröf á Höfðaströnd frá 1. október 1966 að telja til 1. júní 1968, en þá skal afnotatímabilinu lokið án uppsagnar af minni (þ. e. Svanhildar) eða hans hálfu.“

Síðar segir í samningnum:

„Yfir sama tímabil og með sömu skilmálum leigi ég honum öll mannvirki á jörðinni, svo og afnot af dráttarvél, múgavél og mjaltavél. Skal Sigurbjörn annast viðhald allt á eignum þessum og skila mér þeim aftur að leigutímanum loknum í sem líkustu standi og hann tók við þeim, að öðru leyti en því, sem talist getur eðlilegt slit.

Fari svo, að ég, að framangreindu tímabili loknu, ákveði að selja jörðina eða setja hana í ábúð, skal Sigurbjörn eiga þar forkaupsrétt eða leigurétt með þeim kjörum, er bjóðast kunna, eða samkomulag verður um, enda tilkynni Sigurbjörn, ef hann óskar slíks fyrir 1. apríl 1968.“

Síðan eru í samningi þessum ákvæði um leigugjald, sem er ákveðið kr. 10.000 fyrir tímabilið 1. október 1966 til 1. júní 1967 og kr. 40.000 fyrir tímabilið 1. júní 1967 til 1. júní 1968, sem greiðist ársfjórðungslega fyrir lok hvers ársfjórðungs.

Samningur þessi er undirritaður af stefnanda og stefnda Sigfúsi Ólafssyni f. h. stefndu Svanhildar Sigfúsdóttur.

Að framangreindu leigutímabili loknu hélt stefnandi áfram búskap í Gröf, án þess að nýr samningur væri gerður. Að sögn stefnda Sigfúsar Ólafssonar var um það talað, að samningurinn frá 19. desember 1966 framlengdist um óákveðinn tíma, og ljóst er, að stefnandi greiddi áfram sama leigugjald og í þeim samningi greinir.

Stefnandi býr síðan óslitið í Gröf, þar til hann flytur búferlum til Hafnarfjarðar í júnímánuði 1975.

Ekki var á þessu tímabili gengið frá neinum samningum milli stefnanda og stefndu um afnot hans af jörðinni, og með bréfi,

dagsettu 4. nóvember 1974, undirrituðu af stefndu Svanhildi Sigfúsdóttur, er stefnanda tilkynnt, að honum sé sagt upp ábúð hans á jörðinni Gröf í Hofshreppi frá fardögum 1975 að telja.

Engar ástæður eru tilgreindar í bréfinu fyrir uppsögn þessari.

Með bréfi, dagsettu 1. desember 1974, óskar stefnandi eftir að fá jörðina Gröf keypta á komandi vori með eða án íbúðarhúss, og segir í bréfinu, að hann vonist til, að eigendur jarðarinnar taki þetta til athugunar hið allra fyrsta.

Stefnda Svanhildur svarar bréfi þessu með bréfi, dagsettu 28. desember 1974. Þar er ósk stefnanda um kaup á jörðinni hafnað á þeim grundvelli, að jörðin sé ekki til sölu, og jafnframt ítrekað, að stefnanda sé „gert að flytja af jörðinni í fardögum á komandi vori (1975)“.

Síðar um veturinn fer stefnandi síðan til fundar við stefndu Svanhildi og Sigfús og ræðir við þau um að fá að vera áfram í Gröf, a. m. k. einhvern tíma, en þeirri málaleitan er alfarið hafnað.

Stefnandi flytur síðan búferlum til Hafnarfjarðar í júnímánuði 1975, og er stefndi Sigfús þá kominn að Gröf og farinn að dytta að íbúðarhúsi.

Enginn flytur þó að Gröf þá um sumarið, en jörðin að einhverju leyti nýttuð til heyskapar af mönnum úr Hofsósi.

Með bréfi, dagsettu 11. nóvember 1975, til stefndu Svanhildar Sigfúsdóttur frá lögmanni stefnanda fer stefnandi fram á að fá jörðina Gröf þá þegar afhenta til ábúðar, þar sem eigendur hefðu ekki tekið jörðina til ábúðar og hún væri í eyði, og áskildi sér að öðrum kosti allan rétt á bótum. Með bréfi, dagsettu 3. desember 1975, er krafa þessi enn ítrekuð við stefndu Svanhildi, en hvorugu þessu bréfi virðist hafa verið svarað, og er stefna gefin út 5. mars 1976, eins og áður greinir, og málið þingfest 4. júní 1976.

Stefnda Svanhildur Sigfúsdóttir leitaði aldrei leyfis til setu í óskiptu búi. Búskipti drögust verulega, en frá þeim var gengið með erfingjaskiptum 22. febrúar 1971, og var jarðeigninni Gröf þá skipt á milli erfingja þannig, að stefnda Svanhildur fékk í sinn hlut 10/15 hluta eignarinnar, en börn Ólafs heitins fengu 1/15 hluta hvert. Stefnda Svanhildur Sigfúsdóttir og börn hennar urðu þannig eigendur að 14/15 hlutum jarðarinnar, en stefnda Sigurlaug Ólafsdóttir að 1/15 hluta. Þennan 1/15 hluta seldi síðan Sigurlaug stefnda Ragnari Eiríkssyni með afsali, dagsettu 15. mars 1976, eftir að aðrir eigendur höfðu fallið frá forkaupsrétti.

Stefndi Ragnar Eiríksson fluttist síðan að Gröf vorið 1976 og hóf búskap þar að einhverju leyti. Þeir stefndu Ragnar og Sigfús

Ólafsson gerðu með sér samning um félagsbúskap á jörðinni, og samþykkti jarðanefnd Skagafjarðarsýslu að fengnu álit hreppsnefndar Hofshrepps þann samning á fundi 20. janúar 1977.

Engin úttekt fór fram á jörðinni, þegar stefnandi fluttist þangað haustið 1966 né þegar hann fór þaðan vorið 1975. Úttektarlýsing var hins vegar gerð af úttektarmönnum 13. apríl 1976, og var stefnanda tilkynnt um úttektina, en hann mætti ekki og enginn fyrir hans hönd.

Stefnandi styður kröfu sína um ábúðarrétt með því, að ábúðarlögin nr. 36/1961, sem í gildi voru, meðan stefnandi bjó í Gröf, séu ófrávikjanleg lög og samkvæmt 1. mgr. 9. gr. þeirra laga skuli allar jarðir byggja ævilangt. Hafi stefnandi þannig öðlast æviábúð í Gröf með samningnum frá 19. desember 1966, þar sem tíma-binding samningsins hafi ekki verið heimil að lögum. Hafi hann ekki öðlast rétt til æviábúðar, þá hafi hann öðlast hann, þegar sá samningur rann út vorið 1968 og hann hélt áfram ábúð á jörðinni. Breyti þar engu um, þó stefnandi hafi ekki fengið byggingarbréf fyrir jörðinni, enda sé sú skylda lögð á jarðareiganda samkvæmt 7. grein ábúðarlaga að gera byggingarbréf.

Stefnandi telur, að uppsögn ábúðar hans hafi verið byggð á yfirskinsástæðum. Honum hafi verið gefið til kynna, að eigendur ætluðu sjálfir að taka jörðina til ábúðar, og hafi hann af þeim sökum talið sér skylt að víkja af jörðinni. Það hafi hins vegar komið í ljós síðar, að eigendur tóku jörðina ekki til ábúðar fyrir sig, heldur hafi hún farið í eyði og slægjur verið nýttar af utan-sveitarmönnum. Auk þess hafi uppsögn ekki farið fram með árs fyrirvara, eins og ábúðarlögin áskilja.

Stefnandi telur sig alltaf hafa verið í góðri trú um, að hann hefði jörðina Gröf í æviábúð, og þess vegna hafi hann selt eignarjörð sína Stekkjarból í Hofshreppi, sem hann hefði ekki gert, ef hann hefði ekki treyst á, að hann hefði æviábúð í Gröf.

Stefnandi segir, að sala á 1/15 hluta jarðarinnar til stefnda Ragnars Eiríkssonar og bygging hluta jarðarinnar til hans geti ekki breytt rétti sínum til að fá jörðina afhenta til ábúðar, þar sem sinn réttur sé eldri, honum hafi borið forkaupsréttur að hinum selda jarðarhluta vegna ábúðarréttar síns og stefndi Ragnar Eiríksson hafi viðurkennt fyrir dómi, að honum hafi verið kunnugt um, að stefnandi hefði haft orð á að fara í mál út af veru sinni og brottför frá Gröf og hafi hann því ekki verið bona fide.

Þeim samningi, sem nú hefur verið gerður um félagsbú stefndu

Ragnars og Sigfúsar í Gröf, mótmælir stefnandi sem markleysu, þar sem hann hafi verið gerður löngu síðar.

Varðandi það atriði, að stefnda Svanhildur Sigfúsdóttir hafi ekki haft umboð til að ráðstafa jörðinni, segir stefnandi, að aldrei hafi verið bornar á það bríður fyrr en nú, að hún hafi haft umboð til að koma fram fyrir hönd allra erfingja búsins. Ekki væri að efa, að börnum hennar hefði verið kunnugt um það, sem hún aðhafðist í máli þessu, og varðandi stefndu Sigurlaugu Ólafsdóttur væri ljóst, að hún hefði tekið við leigugreiðslu, eftir að búinu var skipt 1971, og því vitað, að jörðin var í ábúð. Við búskipti hafi hún orðið eigandi að hluta jarðarinnar og því borið að aðhafast þá, ef hún taldi, að Svanhildur hefði ekki hafst löglega að.

Stefnandi mótmælir því, að hann hafi setið jörðina illa, enda hafi eigendur jarðarinnar aldrei kvartað við hann um slæma umgengni og aldrei hafi verið um að ræða vanskil á leigugreiðslum, sem stefndu ekki samþykktu, og verði þau vanskil því ekki notuð löngu síðar sem ástæða til riftunar.

Máli sínu til stuðnings hefur stefnandi lagt fram vottorð frá Magnúsi Pálssyni, málara í Hofsósi, um, að stefnandi hafi haldið íbúðarhúsinu í Gröf vel við, eftir því sem hægt var að gömlu húsi að vera, vottorð þjóðminjavarðar um, að stefnandi hafi annast af snyrtimennsku viðhald og umsjón með bænhúsinu í Gröf og kirkjugarði þau ár, sem hann bjó þar, og loks hafa tveir nágrannar hans þau ár, sem hann bjó í Gröf, mætt fyrir dómi og borið, að þeir telji, að umgengni stefnanda um íbúðarhús og úti-hús í Gröf hafi verið góð.

Stefnandi telur, að samkvæmt 9. grein ábúðarlaga i. f. beri stefndu að bæta honum allt það tjón, sem hann hafi beðið vegna ólögmatrar uppsagnar á ábúð hans.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1. Niðurskurður og sala á 230 ám og 40 veturgömlum gimbrum. Reikn-að er, að meðalverðmæti hverrar kindar hafi verið kr. 8.000.

Fyrir kindurnar fengust greiddar:

seldar 50 ær á kr. 6.000 hver	kr.	300.000
seldar 100 ær á kr. 5.500 hver	—	550.000
seldar 30 ær á kr. 5.000 hver	—	150.000

slátrað 90 ám á kr. 4.000 hver	kr.	360.000		
	Kr.	1.360.000		
Alls 270 ær á kr. 8.000 hver	—	2.160.000		
Mismunur: skaði stefnanda	kr.	800.000	kr.	800.000
2. Afurðarýrnun á 320 dilkum, kr. 1.000 á dilk			—	320.000
3. 7 hryssur. Sláturverð hverrar hryssu	kr.	27.000		
til lífs og nýtingar	—	50.000	—	161.000
4. 7 trippi, sláturverð hvers trippis verð hvers trippis til lífs og nýtingar	kr.	20.000		
	—	35.000		
Mismunur: skaði stefnanda	kr.	15.000	—	105.000
5. Flutningur búslóðar			—	27.000
6. Miskabætur, óþægindi og skaði vegna tímabundins missis ábúðar, niðurskurðar bústofns, búferla- flutnings fjölskyldu, atvinnu- tjóns, kostnaðar við að hefja bú- skap aftur og fleira			—	1.000.000
			Samtals kr.	2.413.000

Framangreinda kröfu rökstyður stefnandi með því, að vegna þess að hann hafi þurft að hætta búskap vegna uppsagnar á jarðnæði, hafi hann þurft að farga öllum bústofni sínum á skömmum tíma og þurft að sæta því að láta hann fyrir lægra verð en raunverulegt verðmæti hans var.

Bætur vegna afurðarýrnunar á dilkum segir stefnandi byggðar á því, að stefndu hafi sumarið 1975 leigt út til þriðja aðilja hluta úr landi Grafar. Hafi landið verið girt þannig, að féð hafi ekki komist í bithaga næst sjónum og verið í sverti, er líða tók á sumarið, og dилkar því verið rýrari til slátrunar.

Auk þessa telur stefnandi sig hafa orðið fyrir margvíslegu beinu og óbeinu tjóni, vegna þess að hann þurfti að flytja af jörðinni og þurfti auk þess að leggja í mikinn kostnað til að hefja búskap í Gröf að nýju, og er krafan samkvæmt tölulið 6 hér að framan við það tjón og kostnað miðuð.

Stefndu Svanhildur Sigfúsdóttir og börn hennar mótmæla því, að stefnandi hafi fengið æviábúð í Gröf. Stefnandi hafi aldrei

fengið jörðina nema til afnota skamman tíma, enda hafi stefnda Svanhildur ekki haft umboð til að ráðstafa jörðinni í æviábúð. Ábúðarlögin séu declaratorisk lög og hægt að semja sig frá ákvæðum þeirra og það hafi verið gert með samningnum frá 19. desember 1966, sem síðan hafi verið framlengdur. Stefndandi hafi aldrei, meðan hann bjó í Gröf, óskað eftir að fá jörðina til ábúðar, enda hafi honum verið ljóst, að hér var aðeins um afnot um takmarkaðan tíma að ræða. Hann hafi tekið við uppsögn afnotaréttar síns án mótmæla og vikið af jörðinni og þar með fyrirgert rétti til ábúðar og skaðabóta.

Stefndu telja það rangt hjá stefnanda, að hann hafi selt jörð sína Stekkjarból vegna þess, að hann hafi talið sig hafa æviábúð í Gröf, þeirri sölu hafi valdið fjárhagserfiðleikar stefnanda og hafi hann við þá sölu getað gert upp að nokkru vanskil sín við stefndu, sem jafnan hafi verið mikil.

Stefndu segja, að umgengni stefnanda um jörð og mannvirki hafi verið mjög ábótavant og jörðin illa setin. Viðskilnaður stefnanda hafi verið þannig, að nokkurn tíma hafi þurft til að koma hlutum í það lag, að hægt væri að búa á jörðinni, og hafi veturinn verið notaður til þess að gera við húsið og ábúð hafin á jörðinni vorið 1976. Sumarið 1975 hafi búfé stefnanda verið á jörðinni og slægjur leigðar. Sé því hæpið að telja, að jörðin hafi verið í eyði, þó tómarúm skapaðist vegna viðskilnaðar stefnanda. Jörðin sé nú í löglegri ábúð eigenda.

Stefndu telja, að stefndandi hafi þannig fyrir löngu fyrir vanefndir fyrirgert rétti til ábúðar, þó hann hefði átt slíkan rétt.

Stefndu mótmæla bótakröfu sem órökstuddri og ósannaðri og benda á, að verðmismunur og afurðarýrnun, sem gerð er krafa um, sé málinu með öllu óviðkomandi.

Þá mótmæla stefndu því, að uppsögnin hafi verið byggð á yfirskinsástæðum. Ástæðurnar hafi annars vegar verið ill meðferð stefnanda á jörðinni og hins vegar sú ætlun stefndu að taka jörðina sjálf til ábúðar, sem þau nú hafi gert. Ástæður hafi raunar engar þurft, þar sem ekki hafi verið um ábúð að ræða hjá stefnanda.

Stefndi Ragnar Eiríksson segir, að þeim stefnda Sigfúsi Ólafssyni hafi snemma árs 1976 komið saman um að hefja rekstur félagsbús í Gröf. Hafi hann gjarnan viljað kaupa hlut í jörðinni og eftir ábendingu Sigfúsar snúið sér til lögmanns stefndu Sigurlaugar Ólafsdóttur og gert kauptilboð í 1/15 hluta Grafar, sem var hennar eign. Þetta tilboð hafi verið samþykkt og gengið frá

kaupunum um miðjan mars 1976. Jafnframt hafi hann fengið byggingu fyrir 9/15 hlutum jarðarinnar frá stefndu Svanhildi Sigfúsdóttur.

Stefndi Ragnar bendir á, að hann hafi aldrei verið aðili að neinum samningum við stefnanda, hvorki um ábúð né jarðarafnot né heldur átt neinn þátt í því, að stefnandi flutti af jörðinni. Stefndi hafi löngu verið fluttur af jörðinni, þegar stefndi festi kaup á umræddum jarðarhluta og fékk jörðina til ábúðar, og honum ókunnugt um fyrri viðskipti stefnanda og eigenda jarðarinnar.

Stefnda Sigurlaug Ólafsdóttir segir, að hún hafi aldrei verið kvödd til neinna samninga vegna jarðarhluta þess, sem hún fékk í arf eftir föður sinn við arfskipti 22. febrúar 1971, en þá hafi hún lengi verið búin að ganga eftir að fá gengið frá skiptum. Stefndi hafi aldrei við hana talað eða við hana haft samband um leigumála né annað og hún engum gefið umboð til neinna aðgerða varðandi þennan jarðarhluta. Svanhildur Sigfúsdóttir hafi á árinu 1973 greitt henni kr. 3.000 vegna leigu á jarðarhlutanum 1972 og Sigfús Ólafsson hafi greitt henni kr. 9.000 vegna áranna 1973—1975.

Stefnda segir, að stefnandi hafi aldrei óskað eftir kaupum á jarðarhluta hennar og verið löngu fluttur af jörðinni, án þess að hún hafi nokkurn hlut þar að átt, þegar hún seldi eignarhlut sinn í jörðinni með afsali, dagsettu 15. mars 1976. Stefna í máli þessu hafi henni hins vegar verið birt 15. nóvember 1976, eða nokkru á annað ár eftir að stefnandi fluttist frá Gröf.

Bréf þau, sem fram hafa verið lögð í máli þessu, hafi aðeins verið send Svanhildi Sigfúsdóttur og stefndu með öllu ókunnugt um þau og hún ekki vitað um neina kröfugerð af hálfu stefnanda, þegar hún seldi umræddan jarðarhluta sinn.

Þann tíma, sem stefnandi bjó í Gröf, voru í gildi ábúðarlög nr. 36/1961, og með gildistöku laga nr. 64/1976 urðu engar þær breytingar, sem áhrif hafa á úrlausn þessa máls.

Upphaf 9. gr. ábúðarlaga kveður svo á, að allar jarðir skuli byggja ævilangt. Frá þessari meginreglu eru þó gerðar undantekningar, ef nauðsyn ber til að ráðstafa jörð tiltekinn tíma.

Stefnda Svanhildur Sigfúsdóttir gat ekki haustið 1966 sett jörðina Gröf í æviábúð, þar sem búskipti höfðu ekki farið fram né hún fengið leyfi til setu í óskiptu búi. Henni bar hins vegar að annast um eigur búsins og forða því, að þær rýrnuðu í verði, og var því eðlilegt, þegar hún brá búi eftir lát eiginmanns síns, að hún gerði ráðstafanir til, að jörðin færi ekki í eyði, þar til gengið

hafði verið frá dánarbúinu. Verður því sú ráðstöfun, sem gerð var með samningnum frá 19. desember 1966, að teljast heimil skv. 9. gr. ábúðarlaga.

Búskipti fara hins vegar ekki fram fyrir lok gildistíma samningsins 1. júní 1968. Stefnandi býr áfram á jörðinni, án þess að formlega sé gengið frá neinum samningum um veru hans þar, og svo er enn, eftir að búskipti fara fram 22. febrúar 1971.

Búskipti drögust óeðlilega lengi, en eftir að þau voru frá gengin, eru engar þær ástæður fyrir hendi, sem réttlætt geti tímabundna leigu jarðarinnar Gröf, auk þess sem enginn slíkur tímabundinn samningur var gerður, og verður því að telja, að meginregla ábúðarlaga um æviábúð gildi.

Það liggur ekki fyrir, að stefnandi hafi gengið eftir að fá byggingarbréf fyrir jörðinni. Leigugreiðslur voru óbreyttar frá því, sem ákveðið var í samningnum frá 19. desember 1966, og er viðurkennt, að stefndu hafi tekið við þeim greiðslum athugasemdalaut. Með tilvísun til 7. gr. ábúðarlaga nr. 36/1961 verður því að telja, að jörðin hafi verið byggð með sömu kjörum og áður og að öðru leyti gildi um bygginguna ákvæði ábúðarlaga.

Það verður einnig að teljast eðlilegt, að stefnandi teldi eftir svo langa ábúð á jörðinni, að hann hefði nokkra tryggingu fyrir að halda henni áfram. Sala hans á nýbýlinu Stekkjarbóli er því þó óviðkomandi, þar sem hann samkvæmt þinglesnu afsali seldi þá jörð á miðju ári 1967.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, hafði stefnandi öðlast æviábúð á jörðinni Gröf, og varð þeim ábúðarrétti aðeins slitið af þeim ástæðum, sem ábúðarlög heimila.

Í bréfi Svanhildar Sigfúsdóttur, dagsettu 4. nóvember 1974, þar sem stefnanda er tilkynnt uppsögn ábúðar á jörðinni Gröf frá fardögum 1975 að telja, eru engar ástæður tilgreindar fyrir uppsögninni. Ljóst er, að stefnandi fluttist nauðugur frá Gröf, og verður ekki vefengt, að honum hafi verið gefið til kynna, að ástæða uppsagnarinnar hafi verið sú, að eigendur ætluðu að hefja búskap á jörðinni, og hann hafi af þeim sökum talið sér skylt að víkja af jörðinni og þess vegna farið án mótmæla, eftir að tilraunir hans til að fá áframhaldandi ábúð eða kaup á jörðinni höfðu reynst árangurslausar.

Sú ástæða, sem stefndu telja aðra meginástæðu uppsagnarinnar, að stefnandi hafi setið jörðina illa, og um vanefndir hafi verið að ræða af hans hálfu er á engan hátt nægilegum rökum studd, til að

hún verði viðurkennd sem lögleg ástæða til að segja stefnanda upp ábúðinni.

Engar sönnur hafa verið á það færðar, að af eigendum hafi nokkurn tíma verið að því fundið við stefnanda, að meðferð hans á jörðinni væri ábótavant, og viðurkennt af stefndu, að þau hafi jafnan samþykkt þann drátt, sem varð á leigugreiðslu.

Úttektarlýsing, sem gerð var á jörðinni um 10 mánuðum eftir að stefnandi fluttist þaðan, sannar ekkert í því efni, þar sem engin lýsing er til á jörðinni, þegar stefnandi tók við henni haustið 1966, en þá fór engin úttekt fram.

Þá bendir framburður vitna einnig til, að fullyrðingar stefndu í þessu efni hafi ekki við rök að styðjast.

Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. ábúðarlaga nr. 36/1961 var stefndu heimilt að taka jörðina Gröf úr ábúð til ábúðar fyrir sig, börn sín og systkini, en skilyrði er þó, að sú uppsögn sé tilkynnt með minnst árs fyrirvara.

Ekki verður séð, að búskaparáform eða undirbúningur stefndu hafi verið það á veg kominn, að réttlætt hafi uppsögn á ábúð stefnanda á þeim tíma, sem honum var gert að víkja af jörðinni, auk þess sem ekki var gætt ákvæðis um uppsagnarfrest.

Eigendur tóku jörðina ekki til ábúðar á árinu 1975, og umtal um það félagsbú, sem nú er rekið í Gröf með aðild eigenda og samþykkt var af jarðanefnd Skagafjarðarsýslu 20. janúar 1977, hófst ekki fyrr en snemma árs 1976, og ábúð á jörðinni var ekki hafin fyrr en það vor.

Stefnandi flutti að vísu af jörðinni án formlegra mótmæla og þar þá ekki fyrir sig of stuttan uppsagnarfrest auk þess sem hann fékk leyfi til að hafa búfé á jörðinni sumarið 1975, en ekki verður þó talið, að það nægi til að fyrirgera rétti hans í sambandi við þá galla, sem á uppsögninni voru.

Þrátt fyrir það, sem hér hefur verið rakið, telur dómurinn þó, að þar sem jörðin Gröf er nú komin í löglega ábúð, og þar er rekið félagsbú, sem eigendur jarðarinnar eru aðiljar að, og það búskaparform samþykkt af hreppsnefnd og jarðanefnd, standi ekki efni til að taka til greina kröfu stefnanda um að fá jörðina afhenta til ábúðar, og verða stefndu því sýknaðir af þeim lið dómkröfu stefnanda.

Bótakrafa stefnanda er í 6 liðum, og eru 1., 3. og 4. liðir kröfunnar byggðir á mati stefnanda á því tjóni, sem hann hafi orðið fyrir vegna mismunar á raunverulegu verðmæti búpenings síns

og því, sem hann hafi fengið fyrir hann með sölu og innleggi til slátrunar.

Enginn gögn hafa verið lögð fram þessu mati hans til stuðnings, hvorki um búpeningseign hans né söluverð, og verða þessir liðir kröfunnar því eigi teknir til greina gegn mótmælum stefndu.

Krafa samkvæmt 2. lið er vegna meintrar afurðarýrnunar á dilkum, sem stefnandi telur, að orðið hafi vegna girðinga, sem stefndu hafi sett upp í landi Grafar og að framan er rakið.

Engin gögn hafa verið lögð fram til stuðnings kröfu þessari, auk þess ábyrgð stefndu í því efni hæpin, og verður þessi liður kröfunnar því ekki tekinn til greina.

5. liður kröfunnar er vegna flutningskostnaðar á búslóð. Ljóst er, að þennan kostnað hefði stefnandi þurft að greiða, hvenær sem hann fluttist frá Gröf, og standa því ekki efni til, að hann verði tekinn til greina.

Svo sem að framan er rakið, þykir ekki hafa verið staðið að uppsögn ábúðar stefnanda sem skyldi. Ljóst er, að hann hefur beðið af missi jarðnæðisins nokkurt tjón, og þykir því rétt að taka að nokkru til greina bótakröfu hans skv. 6. lið, og þykja þær bæt-ur hæfilega ákveðnar kr. 300.000, og þykir rétt, að vextir greiðist af þeirri upphæð frá stefnudegi, 5. mars 1976, til greiðsludags.

Krafa um bætur var ekki gerð á hendur stefnda Ragnari Eiríks-syni, og rétt þykir að sýkna stefndu Sigurlaugu Ólafsdóttur af skaðabótakröfu, þar sem hún átti enga aðild að samningum við stefnanda né uppsögn á ábúð hans, og ekki er sannað, að neinar kröfur eða mótmæli hafi borist til vitundar hennar varðandi mál þetta, fyrir en henni var inn í það stefnt, þó segja meg, að hún hafi sýnt nokkurt tómlæti í að kynna sér ráðstafanir varðandi þessa eign sína. Telja verður hins vegar, að börn Svanhildar hafi haft vitneskju um allt, sem gerðist í máli þessu.

Með tilvísun til þess, sem að framan er rakið, þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndu skulu sýkn af kröfu stefnanda um að afhenda hon-um jörðina Gröf á Höfðaströnd til ábúðar.

Stefnda Sigurlaug Ólafsdóttir skal sýkn af bótakröfu stefnanda.

Stefndu Svanhildur Sigfúsdóttir, Edda Ólafsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Sigfús Ólafsson og Jón Ólafsson greiði stefn-

anda, Sigurbirni Sigmarssyni, in solidum kr. 300.000 með 13% ársvöxtum frá 5. mars 1976 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. júlí 1980.

Nr. 115/1980. Bjarni Þ. Guðmundsson

gegn

úthlutunarmönnum atvinnuleyfa
leigubifreiðarstjóra í Reykjavík,
samgönguráðherra og
Ármani Magnússyni.

Kærumál. Vitnaskylda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með heimild í c lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 með kæru 31. mars 1980, sem barst Hæstarétti 2. júlí sl. Kæranda varð kunnugt um hinn kærða úrskurð 18. mars.

Sóknaraðili gerir þá kröfu, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og varnaraðiljanum Ármani Magnússyni gert skylt að svara þessum spurningum:

„1. Hverjir öðluðust atvinnuleyfi skv. lögum nr. 25, 1955, sbr. auglýsingu um umsókn atvinnuleyfa, dags. 7. 4. 1956? Er þá átt við tæmandi skrá yfir þessa aðila.

2. Hverjir umræddra leyfishafa skv. 1. gr. höfðu eingöngu atvinnu af akstri skv. umræddum atvinnuleyfum?

3. Hverjir umræddra leyfishafa skv. 1. gr. gegndu öðrum störfum með akstri skv. atvinnuleyfunum, og hver voru þau störf?